

Nd.

479. Nefndarátt

um frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað fylgt háttv. meðnefndarmönnum mínum við afgreiðslu þessa máls.

Í frv. þessu er bæjarstjórn í kaupstöðum og hreppsnefndum í kauptúnum veitt heimild til að áskilja bæjarfjlagi eða kauptúni »forkaupsrjett á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins, svo og öðrum fasteignum«, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd telur nauðsynlegt að eignast. Það má því segja, að forkaupsrjettarheimild þessi

handa bæjarstjórnnum og hreppsnefndum, til þess að ná eignarráðum á fasteignum i umdæmi sínu, sje takmarkalaus.

Minni hlutinn getur á engan hátt fallist á, að rjett sje að veita svona víðtæka heimild til forkaupsrjettar. Hann getur ekki sjeð, að þörf sje á slíkri heimild, því að *ef kaupstaðir eða kauptún þurfa nauðsynlega* að ná eignarhaldi á fasteign innan umdæmis síns, þá er rjetta leiðin að fara sú, að fá lögnámsheimild samkv. 63. gr. stjórnarskrárinnar. Auk þess má geta þess, að til eru nú i ýmsum lögum heimildir handa sveitar- og bæjarfjelögum til þess að taka fasteignir lögnámi, svo sem hafnarlögum, vatnsveitulögum, vatnalögum, lögum um skipulag bæja o. fl. o. fl. Þegar af þessum ástæðum lítur minni hlutinn svo á, að slík heimild, sem hjer er farið fram á að veita, sje óþörf.

Það er álit minni hlutans, að það sje engan veginn hættulaust að veita jafnvíðtæka forkaupsrjettarheimild sem hjer er farið fram á. Bæjarstjórnir eða hreppsnefndir geta af *pólitiskum* ástæðum notað heimildina til þess að sölsa undir sig flestar eða allar fasteignir kaupstaðarins eða kauptúnsins, án nokkurs tillits til þess, hvort þau hafa nokkuð við eignina að gera.

Loks má nefna hið mikla ófrjálsræði og óhagræði, sem yrði samfara slíkri heimild sem þessari. Borgararnir gætu naumast framar talist frjálsir menn í frjálsu landi, þar sem þeir mættu ekki selja fasteign, er þeir ættu, án þess fyrst að bjóða hana bæjar- eða sveitarstjórn.

Að öllu þessu athuguðu getur minni hlutinn ekki mælt með frv. þessu, en leggur til, að það verði felt.

Alþingi, 2. maí 1927.

Jón Kjartansson.